


Nr.: STS-015	Tækniskólinn	
Útgáfa: 3.0		
Dags: 25.09.2015	Jafnréttisstefna	
Höf: Jón B. Stefánsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Janfréttisstefna

Tækniskólinn (TS) setur sér eftirfarandi jafnréttisstefnu sem byggð er á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008.

Markmið jafnréttisstefnu Tækniskólans er að tryggja að nemendur og starfsfólk sé metið að eigin verðleikum og njóti jafnréttis óháð kynferði, aldri, uppruna, kynhneigð, fötlun og öðrum félags- og persónubundnum þáttum. Tækniskólinn telur að með því að stuðla að jafnrétti fái þekking, færni og hæfileikar allra notið sín í hvetjandi og skilvirku vinnu- og skólaumhverfi þar sem gagnkvæm virðing er höfð að leiðarljósi.

Markmið jafnréttisstefnu er að tryggja að fyllsta jafnréttis kynjanna sé gætt í hvívetna í skólanum og að bæði nemendur og starfsfólk fái notið sín á eigin forsendum án tillits til kynferðis. Markvisst skal hugað að báðum kynjum í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum skólans. Kynbundin mismunun er óheimil, hvernig sem hún birtist og skal vinna á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Kynbundið ofbeldi og kynferðisleg áreitni er ekki liðin.

Með jafnréttisstefnu skólans er unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum. Kennarar og annað starfsfólk Tækniskólans eru fyrirmyndir nemenda sem stuðla eiga að jafnrétti í orði og á borði. Jafnréttisstefnu Tækniskólans er fylgt eftir með jafnréttisáætlun.

Jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun eru hvorutveggja hluti gæðahandbókar TS og ISO 9001 vottun.

Jafnréttisnefnd

Innan TS skal starfa jafnréttisnefnd, kosin á starfsmannafundi til þriggja ára í senn. Í jafnréttisnefnd skulu sitja fimm einstaklingar þar af a.m.k. einn úr röðum almennra starfsmanna, einn kennari og einn nemandi. Stjórn nemendasambands TS tilnefnir sinn fulltrúa. Hlutverk jafnréttisnefndar er að fylgjast með stöðu jafnréttismála í skólanum, gera tillögur um stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum og fylgja jafnréttisáætlun eftir. Jafnréttisnefnd setur fram tveggja ára aðgerðaáætlun í senn, fylgir eftir framkvæmd hennar og metur árangur miðað við sett markmið. Formaður jafnréttisnefndar er jafnréttisfulltrúi TS.